

RANNSÓKNASKÝRSLUR FORNLEIFADEILDAR 1998

II

HRINGVEGUR UM FOSSÁRVÍK

MAT Á UMHVERFISÁHRIFUM

Guðmundur Ólafsson

**FORNLEIFADEILD ÞJÓÐMINJASAFNS ÍSLANDS
REYKJAVÍK 1998**

© Þjóðminjasafn Íslands/Guðmundur Ólafsson.
Öll réttindi áskilin

Hringvegur um Fossárvík í Berufirði.

Mat á umhverfisáhrifum

Inngangur

Vegagerð ríkisins fyrirhugar að leggja nýjan veg um Fossárvík í Berufirði, Djúpavogshreppi. Frummat á umhverfisáhrifum fór fram árið 1997 og liggur fyrir álitsgerð frá Guðrúnu Kristinsdóttur f.h. Safnastofnunar Austurlands dagsett 18. desember 1997 um hugsanlegar minjar á svæðinu.¹ Hún fór ekki á staðinn en greindi frá því að á Selnesi hefðu áður fyrr verið tvö afbýli frá Berufirði, Selnes og Hjalli, þar sem síðar voru nefndar Höskuldartættur. Taldi hún ástæðu til að skoða svæðið á Selnesi betur vegna eldri byggðar.

Í frummatsskýrslu Vegagerðarinnar var ekki talin þörf á að skoða skoða svæðið vegna upplýsinga heimamanna um að tóftirnar sem nefndar eru í umsögn Safnastofnunar Austurlands væru langt utan vegsvæðis.²

Niðurstaða skipulagsstjóra ríkisins var að ganga þyrfti úr skugga um að ofangreindar minjar væru ekki í hættu og úrskurðaði hann að fornleifafræðingur eða þjóðháttufræðingur skyldi skoða fyrirhugað vegstæði á Selnesi áður en framkvæmdir hæfust.

Sveinn Sveinsson, deildarstjóri hönnunardeildar hjá Vegagerðinni á Reyðarfirði, hafði samband við Þjóðminjasafnið þann 27. maí og óskaði eftir að það tæki að sér að skoða svæðið vegna hugsanlegra fornleifa í samræmi við úrskurð skipulagsstofnunar.

Þann 5. maí 1998 fór undirritaður í vettvangsferð á staðinn í fylgd með Helga Magnússyni, mælingamanni hjá Vegagerðinni á Reyðarfirði.

Þjóðminjalög og varðveisla fornminja

Tilgangur þjóðminjalaganna er að tryggja sem best varðveislu menningarsögulegra minja þjóðarinnar, þar á meðal fornleifa.³ Í 16. gr. laganna er eftirfarandi skilgreining á fornleifum:

16. gr.

Til fornleifa teljast hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:

- a. byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænahúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri;
- c. gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;
- d. gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;
- e. virki og skansar og önnur varnarmannvirki;
- f. gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum;
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið;
- i. skipsflök eða hlutar úr þeim.

Að jafnaði skal telja minjar 100 ára og eldri til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar, sbr. 18. gr.

¹ Frummatsskýrsla Vegagerðarinnar “Hringvegur um Fossárvík”. Fylgiskjal 7. 1997.

² Frummatsskýrsla bls. 9.

³ Þjóðminjalög. 1. gr. l. nr. 88/1989.

Þjóðminjalögin leggja landeigendum, ábúendum og framkvæmdaaðilum nokkrar skyldur á herðar til verndar fornleifum og er þeirra getið í 19. - 21. gr laganna.

19. gr.

Skýlt er landeiganda og ábúanda að gera Þjóðminjasafni Íslands viðvart ef fornleifar liggja undir spjöllum af völdum náttúrunnar eða þeim er spilt af manna völdum. Þjóðminjasafn ákveður þá hvaða ráðstafanir skuli gerðar til verndar fornleifunum.

20. gr.

Nú finnast fornleifar sem áður voru ókunnar og skal finnandi þá skýra Þjóðminjasafni Íslands frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn. Ef fornleifar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd uns fenginn er úrskurður fornleifanefndar um hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum.

21. gr.

Nú telur landeigandi, ábúandi eða einhver annar, þar á meðal sá sem stjórnar opinberum framkvæmdum, svo sem vegagerð, að hann þurfi að gera jarðrask er haggar við fornleifum og skal hann þá skýra Þjóðminjasafni Íslands frá því áður en hafist er handa um verkið. Lýst skal nákvæmlega breytingum þeim er af framkvæmd mundi leiða. Þjóðminjasafn ákveður hvort og hvenær framkvæmd megi hefja og með hvaða skilmálum.

Við allar meiri háttar framkvæmdir, svo sem vegagerð, virkjanaframkvæmdir, flugvallargerð og veitulagnir, skal sá sem fyrir þeim stendur bera kostnað af nauðsynlegum rannsóknum.

Setja skal í reglugerð nánari ákvæði um efni þessarar greinar.

Fornleifaskráning við mat á umhverfisáhrifum

Við mat á umhverfisáhrifum skal fornleifafræðingur fara um svæðið og kanna hvort nokkrar minjar sem tilgreindar eru í Þjóðminjalögum séu í hættu vegna framkvæmda. Hann skráir allar minjar og sögustaði sem þar kunna að vera sýnileg, eða heimildir geta um. Að lokinni vettvangsrannsókn skilar fornleifafræðingur viðkomandi aðilum skýrslu um sjónarmið minjavörslunnar eins fljótt og við verður komið. Í niðurstöðum skýrslunnar er lagt mat á mat á minjar sem kunna að finnast og leiddar líkur að áhrifum fyrirhugaðra framkvæmda.

Vettvangsrannsókn

Vettvangsrannsóknin fór fram þann 5. maí 1998. Gengin var veglínin á Selnesi, sem afmarkast við um 1 km langan vegarkafla milli mælistöðva 4600 og 5600. Einnig var gengið um efnisnámusvæði C við Bálkagil suðaustan við Fossá. Stuðst var við loftmynd af svæðinu í mælikvarða 1:5000 þar sem veglínin var merkt inn á.

Vegarstæði

Vegarstæðið á Selnesi er í brattri skriðu rétt utan við núverandi vegarstæði. Búið var að merkja veglínuna milli mælipunktanna 5000 og 5500 með stikum sem auðvelt var að fylgja. Einu minjarnar sem fundust í vegarstæðinu voru leifar af garði undan girðingu frá þessari öld:

Nr.: 1

Tegund: *Garður undir girðingu*

Fjöldi: 1

Landareign: *Lindarbrekka*

Áætlaður aldur: *Miðbik 20. aldar*



Lýsing: Við stöð 5140 var steinaröð í brekkunni um 30 m sunnan við gamla vegarstæðið og er í beinni línu frá túngirðingu sem er við vesturhlið túnsins niður við sjó norðvestur af túni.

Steinarnir, sem eru um 30 - 40 cm stórir, mynda einfalda röð sem er um 40 m löng Röðin endar við stóran stein sem er við norðurhlið gamals vegarslóða sem liggur niður að sjó, en virðist halda áfram sunnan slóðans í átt að girðingunni.


Steinaröðin virðist hafa verið lögð undir vírgirðingu. Á einum stað er gaddavír vafinn utan um einn stein í röðinni, eins og stag fyrir girðingars-taur. Hleðslan mun sennilega hverfa undir nýja veginn. Hún er án efa frá þessari öld og fellur ekki undir þjóðminjalög.

Horft til suðurs yfir

steinaröðina. Hún nær neðst frá miðri mynd að girðingunni ofarlega til vinstri á myndinni.

Efnisnáma C

Norðan undan Bálkagili er fjárrétt um 150 m sunnan við Fossá. Réttin er rétt utan við námusvæði C. Að sögn Gunnars Guðmundssonar bónda í Lindarbrekku munu Djúpvíkingar hafa rekið þangað fé á fyrri hluta þessarar aldar. Sennilega hefur réttin verið hlaðin af því tilefni. Í frummatsskýrslu er hún sögð frá árunum 1930 - 1940. Hún verður girt af meðan á framkvæmdum stendur svo að hún verði ekki fyrir skaða.



Nr.: 2
 Tegund: *Fjárrétt*
 Fjöldi: 1
 Landareign: *Fossárdalur*
 Áætlaður aldur: *Fyrri hluti 20. aldar.*

Lýsing: Réttin er hlaðin úr grjóti. Grjótveggur sem gengur um 3 m inn í réttina miðja skiptir henni í tvö hólfi.

Veggurinn er um 70 cm breiður og 60 cm hár. Stærri hólfið er um 4 x 6 m að innanmáli og hið minna er um 3 x 6 m.

Á suðurhlið er um 2,5 m breitt op. Á norðurhlið er um 1 m breiður inngangur.

Austurhliðin er um 40 - 50 cm há og virðist aur- og grjótskriða hafa runnið upp að hleðslunum utanverðum.

Lauslegur uppdráttur af fjárrétt við Bálkagil. Teikn. G.Ó.



Byrgið er undir steininum fremst á myndinni Réttin er til vinstri. Fossá er í baksýn.

Lækjarspræna liggur þar einnig að réttinni og fer inn í hana. Vesturhliðin er best varðveitt og er allt að 1 m á hæð. Hleðslurnar eru um 80 cm breiðar neðst en dragast að sér er ofar dregur.



Horft til suðurs inn í afdrepið eða byrgið.


Nr.: 3

Tegund: *Afdrep eða byrgi*

Fjöldi: 1

Landareign: *Fossárdalur*

Áætlaður aldur: *Fyrri hluti 20. aldar.*



Lýsing: Byrgið er um 12 m suðvestur af fjárréttinni. Það er um 1,5 x 1 m að innanmáli. Það er að mestu myndað af nokkrum stórum steinum sem hrunið hafa úr gílinu fyrir ofan og sem eru allt að 2 m í þvermál.


Ofan á tvo stærstu steinana hefur fallið bjarg sem er um 2 x 1 m í þvermál og myndar þannig eins konar þak á milli þeirra. Um 20 x 30 cm stórum steinum hefur verið hlaðið upp í glufu sem er við suðurhlið steinanna og sýna þeir að reynt hefur verið að nota þessa steina til að mynda afdrep fyrir 1 - 3 menn í vondum veðrum. Aðeins eru um 70 - 80 cm undir þakið svo að þarna hefur ekki verið hægt að

standa uppréttur.

Þetta afdrep þarf að girða af og varðveita ásamt réttinni. Æskilegt væri að beina lækjarsprænunni frá réttinni.

AÐRAR MINJAR

Gengið var úr skugga um að minjar þær sem nefndar eru í umsögn Safnastofnunar Austurlands væru ekki í hættu vegna framkvæmdanna. Aðstoðaði Gunnar Guðmundsson bóndi í Lindarbrekku við að staðsetja þær á korti.



Lauslegur uppdráttur af rústum Höskuldartóttar. Teikn. G.Ó.

Nr. 4

Heiti: Höskuldartættur

Tegund: Eyðibýli - kot

Fjöldi: 1

Landareign: Lindarbrekka

Áætlaður aldur: 19. öld.

Lýsing: Leifar eyðibýlisins Höskuldartóttar eru uppi á Hjalla undir stórgrýttri skriðu í um 80 m hæð yfir sjávarmáli. Staðurinn er í rúmlega 400 m fjarlægð frá vegarstæðinu og ekki í neinni hættu vegna fyrirhugðara framkvæmda.

Býlið er byggt upp að stórum steini og virðist aðeins hafa verið 2 - 3 sambyggð herbergi. Gaflar snúa í austur - vestur.

4.1 Herbergi sem er um 4 x 2 m að innanmáli. Veggjahæð innan í tóftinni er allt að 1,2 m. Veggjaþykkt er að jafnaði um 1 m. Ekki er alveg ljóst hvar inngangur hefur verið í húsið, en smátt rof við suðvesturhornið bendir til þess að þar hafi verið inngangur mót suðri. Suðurhliðin er allt að 1,5 m há. Vesturgafliinn er um 1 m hár og við hann utanverðan virðist vera stallur. Það er e.t.v. vísbending um að timburpil hafi verið á efri hluta gaflsins.

4.2 Lítið herbergi vestur af herbergi 1. Það er um 2,5 x 1 m að innanmáli. Um 60 cm breiður gangur virðist hafa verið á milli herbergis 1 og 2 á millivegg sem er um 1 - 1,5 m þykkur.

4.3 Fjárhús? Svæði sem er um 4 x 2 m að innanmáli norðan við og samsíða herbergi 1. Ekki hefur verið innangengt í áður nefnd herbergi 1 og 2. Gaflar eru um 30 - 40 cm háir eða mun lægri en á hinum herbergjunum. Stórt bjarg sem er um 4 x 3 m að þvermáli myndar norðurhliðina og má ætla að reft hafi verið yfir svæðið til að mynda þak. Hugsanlega hefur þetta verið fjárhús.

Í norðvesturhorninu er bogadregin steinhleðsla um 1,5 x 1 m að innanmáli. Hleðslan er úr hellum í um 50 cm hæð í einfaldri röð. Svo virðist sem inngangur hafi verið verið framan við steininn mót norðri.

Dregin var upp lausleg skissa af tóftunum og þær ljósmyndaðar.

Þess má geta að tætturnar voru þannig útlits og svo litlar um sig að ef ekki hefðu legið fyrir upplýsingar um að þetta væri lítið kot hefði skrásetjari talið þær vera útihús.



Rústir Höskuldartóttu undir skriðunni uppi á Hjallanum ofan við Lindarbrekku.

Nr. 5

Heiti: *Selnes*

Tegund: *Eyðibýli - kot*

Fjöldi: *1*

Landareign: *Lindarbrekka*

Áætlaður aldur: *19. öld.*

Leifar Selnesbæjarins eru á um 100 x 50 m stóru svæði niður við sjóinn í um 400 m fjarlægð frá vegarstæðinu. Ekki er ástæða til að ætla að þær minjar séu í neinni hættu vegna framkvæmdanna.

Nr. 6

Heiti: *Nafnlaust*

Tegund: *Heystæði?*

Fjöldi: 1

Landareign: *Lindarbrekka*

Áætlaður aldur: *óviss.*

Gunnar gat þess einnig að í túni á Selnesi væru mjög fornlegar tættur sem ekkert væri vitað um, í um 200 m fjarlægð frá vegarstæði. Rústin væri aflöng og gæti e.t.v. verið gamalt heystæði. Tóftin var ekki skoðuð og er því ekki meira um hana að segja hér. Hún er ekki í neinni hættu vegna vegaframkvæmdanna.

Nr. 7

Heiti: *Uppsátur*

Tegund: *Uppsátur*

Fjöldi: 1

Landareign: *Lindarbrekka*

Áætlaður aldur: *Byrjun 20. aldar*

Að sögn Gunnars mun uppsátur hafa verið í vikinni á fyrri hluta aldarinnar. Það fór undir skriðu og er ekki lengur sýnilegt. Staðsetning þess er óviss en gæti hafa verið nálægt mælistöð

Niðurstöður

Vettvangsrannsókn leiddi í ljós að vegaframkvæmdir munu fara yfir steinaröð sem er sennilega undirstaða girðingar frá þessari öld. Þjóðminjasafnið telur ekki ástæðu til að taka sérstakt tillit til þessarar hleðslu.

Rétt utan við námusvæði C er fjárrétt og afdrep sem henni er tengt. Í frummatsskýrslu Vegagerðarinnar kemur fram að girt verður í kring um réttina svo að hún verði ekki fyrir raski. Þjóðminjasafnið mælist til að afdrepið sem er við réttina verði einnig haft innan girðingarinnar og að 20 m svæði frá minjunum verði virt.

Ef þessum skilyrðum er fullnægt sér Þjóðminjasafnið ekki ástæðu til að standa í vegi fyrir fyrirhuguðum framkvæmdum.

Leifar kotbýlanna Selness og Höskuldartóttu eru í meira en 200 m fjarlægð frá veglínu og eru ekki í neinni hættu vegna framkvæmdanna.

Fylgigögn:

Loftmynd af svæðinu þar sem ofangreindar minjar eru merktar inná með hring og númerum.

